



Slippfélagið
Málningarverksmiðja

Viðar hálfþekjandi

LÝSING

Viðar hálfþekjandi er hálfþekjandi alkýð/olíu viðarmálning sem er afar þægileg í vinnslu og slettist lítið. Málningin hefur mjög góða smygni- og vætieiginleika, ásamt því að mynda afar vatnsfráhrindandi og hálfgljáandi filmu. Hún hentar því íslenskum aðstæðum sérstaklega vel. Viðar hálfþekjandi dregur fram viðarmynstrið og ver viðinn gegn niðurbrotsáhrifum útfjólublárra geisla. Viðarmálningin inniheldur efni til varnar sveppa- og gróðurmyndun.

NOTKUN

Viðar hálfþekjandi er ætlað til að verja og lita glugga, viðarklæðningar, þakkanta, girðingar o.þ.h. utanhúss. Hentar einnig til að fríska upp á áður málaða fleti með hálfþekjandi viðarvörn.



Tæknilegar upplýsingar

Litir	Glært auk litakerfis
Gljástig	Hálf gljáandi
Pakkningar	1, 4 og 10 lítrar
Efnisnotkun	4-6 m ² / l (óheflaður viður) 9-11 m ⁰ / l (heflaður viður)
Eðlisþyngd	0,87 kg / l
Purrefni	33% (rúmmál)
Þynnir	Terpentína
Áhaldahreinsir	Terpentína eða Penslasápa
Þurrktími	12-24 klst
Yfirmálun	Lágmark: 24 klst Hámark: Ekkert

UNDIRMÁLUN

Viðar alvörn og Viðar grunnmálning.

ÁHÖLD

Mjúkur pensill.

VINNUTILHÖGUN

Nýmálun

Fjarlægð ryk og önnur óhreinindi. Viðarkvoðu skal skrapa burt og þrifa með terpentínu. Gróður og myglu skal þrifa burt með Viðar Grámahreinsi. Þar sem vatnsálág er mikið, t.d. á endatré og samskeyti, er nauðsynlegt að metta vel með Viðari alvörn. Mjög sjúgandi fleti skal grunna með glærum Viðari hálfþekjandi, þynntu 10 % með terpentínu, til að tryggja jafna áferð við lokamálun. Að lokum eru málaðar 1-2 umferðir með

lituðum Viðari hálfþekjandi. Málið fjöl fyrir fjöl til að fá jafna og fallega áferð. Hafi fyrri umferð gefið þann lit sem óskað er, skal sú seinni vera glær því liturinn dökknar við hverja umferð.

Endurmálun

Við málun á áður máluðum flötum er nauðsynlegt að fjarlægja allt laust og sprungið yfirborð, ásamt öllum óhreinindum sem gætu spillt viðloðun. Gróður og myglu skal þrifa burt með Viðar Grámahreinsi við sem vatn mæðir mikið á skal metta með Viðari alvörn. Yfirborðið er síðan málað með 1-2 umferðum af lituðum Viðari hálfþekjandi.

ATHUGASEMDIR

- Góð undirvinna er jafnan forsenda góðs árangurs.
- Sé um að ræða mjög illa farinn við er ráðlegt að skipta yfir í Viðar þekjandiða grunnmála með Viðari grunnmálningu og mála síðan með Hjörva 30.
- Viður skal vera vel þurr áður en málað er með Viðari hálfþekjandi.
- Litur dökknar við hverja umferð sem máluð er. Ef menn vilja lýsa upp lit getur borgað sig að mála eina umferð með gulum Viðari hálfþekjandi og mála síðan yfir með þeim lit sem óskað er.
- Skilið tómunum umbúðum á næstu endurvinnslustöð.
- Skv. reglugerð 1025/2005 þá eru viðmiðunarmörk VOC fyrir þessa vöru fl. A/e 400 g/l (2010). Varan inniheldur að hámarki 400 g/l

VARÚÐARMERKINGAR

Nauðsynlegt er að lesa og fara eftir notkunar- og öryggisleiðbeiningum. Ávallt skal varast innöndun lífrænna leysiefna og málningarúða. Mjög áriðandi er að hafa góða loftræstingu við meðhöndlun málninga sem þynntar eru með lífrænum leysiefnum. Þegar málningu er sprautað skal nota andlitsgrímur og nauðsynlegan hlífðarfatnað.

Geymist þar sem börn ná ekki til.